

Föstudaginn 12. desember 1947.

Nr. 92/1947. **Valdstjórnin** (Hrl. Einar Arnórsson)

gegn

**Ásgrími Sigurðssyni** (Hrl. Gunnar J. Möller).

Botnvörpuveiðabrot. Héraðsdómur ómerktur.

### Dómur hæstaréttar.

Guðmundur Hannesson, bæjarfógeti í Siglufjarðarkaupstað, fór með rannsókn máls þessa, en fulltrúi hans, Hannes Guðmundsson, kvað upp héraðsdóminn.

Hinn 20. apríl s. l. barst bæjarfógeta Siglufjarðar símkeyti frá Eiríki Kristóferssyni skipstjóra og Jóni Jónssyni stýrimanni þess efnis, að nokkur skip, þ. á m. vélbáturinn S I 90, hefði daginn áður verið að botnvörpuveiðum í landhelgi á Húnaflóa. Sama dag gaf bæjarfógetinn út stefnu til kærða, sem var skipstjóri á v/s Sigurði S I 90. Í upphafi stefnunnar er því lýst, að með játningu kærða og öðrum gögnum sé sannað, að kærði hafi gerzt sekur um botnvörpuveiðar í landhelgi, enda þótt engin próf hefðu þá verið háð í málinu. Hinn 21. apríl kom kærði fyrir dóm. Hann kvaðst hafa verið í landhelgi, er flugvél gæzlumanna kom að honum. Enn fremur játaði hann, að hann hefði haft viðbúnað til að hefja veiðar á landhelgissvæðinu og að veiðarfæri hans hefðu verið utan borðs. Hann neitaði því hins vegar, að hann væri sekur um veiðibrot. Í þessu þinghaldi seldi dómariinn kærða afla og veiðarfæri um borð í skipi hans, enda þótt dómur væri þá eigi genginn og þrátt fyrir ákvæði 6. gr. laga nr. 5/1920, þar sem m. a. er fortakslaust bannað að selja sökunaut veiðarfærin. Var sala þessi því einber markleysa. Eftir þessa prófun kærða hefði dómariinn átt að láta marka stað þann, sem greinir í skeyti gæzlumanna, á sjóuppdrátt, gera ráðstafanir til að fá skýrslur þeirra og vætti annarra vitna fyrir dómi, afla refsivottorðs kærða úr hegningarskrá ríkisins og frekari gagna eftir þörfum. Dómariinn gerði ekkert af þessu, heldur var kveðinn upp dómur í málinu samdægurs, eins og það lá fyrir.

Héraðsdómurinn er mjög ófullkominn, þar sem m. a. vantar í hann skýrslu um það, hvar verknaður sá, er kærði er sóttur til sakar fyrir, var framinn, lýsingu á öðrum atvikum málsins og rökstuðning fyrir dómsniðurstöðunni.

Öll þessi meðferð málsins er svo fráleit og andstæð réttum reglum, að ómerkja ber héraðsdóminn og vísa málinu heim í hérað til löglegrar meðferðar og dómsálagningar af nýju, og getur það ekki breytt neinu í þessu efni, þótt eftir dómsuppsögu hafi verið teknar skýrslur af 4 skipverjum kærða og skipstjóra einum, sem virðist hafa verið kærður um leið og kærði í máli þessu.

Vegna hinnar gölluðu meðferðar málsins, sem lýst hefur verið, þykir samkvæmt 35. gr. tilsk. 3. júní 1796 rétt að dæma héraðsdómarann, Guðmund Hannesson bæjarfógeta, til að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, kr. 400.00 til hvors.

#### D ó m s o r ð :

Hinn áfrýjaði dómur á að vera ómerkur, og vísast málinu heim í hérað til löglegrar meðferðar og uppsögu dóms af nýju.

Guðmundur Hannesson, bæjarfógeti í Siglufirði, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin laun sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarlögmanna Einar Arnórssonar og Gunnars J. Möllers, kr. 400.00 til hvors, að viðlagðri aðför að lögum.

#### Dómur lögregluréttar Siglufjarðar 21. apríl 1947.

Mál þetta er höfðað gegn kærða, Ásgrími Sigurðssyni skipstjóra, Grundargötu, Siglufirði, fyrir brot gegn lögum 5/1920 um bann gegn botnvörpuveiðum, sbr. lög 4/1924, og hefur kærði eigi fyrr sætt refsingu né ákæru.

19. þ. m. var kærði á togbátnum Sigurði SI 90 með botnvörpu í sjó, en ekki í botni, en hlera í gálum, og ætlaði að byrja botnvörpuveiðar í landhelgi, en þá kom íslensk flugvél með eftirlitsmenn með landhelgisveiðum á staðinn, og hætti mættur (svo) þá við

að kasta vörpu sinni og veiða með henni, heldur dró hana inn og hélt á skipi sínu úr landhelgi.

Samkvæmt ofangreindu verður að telja sannað, að kærði hafi gerzt sekur við 1. gr. laga 5/1920 um bann gegn botnvörpuveiðum, sbr. lög 4/1924, og með því að byrja að búa sig til veiðanna og láta nokkuð af botnvörpunni í sjó, séu veiðarfæri því upptæk í landhelgissjóð, en afli ekki, þar sem ekkert aflaðist, er hætt var við veiðitilraunina.

Með tilliti til gullgildis íslenzkrar krónu í dag 31.90 er refsing ákærða hæfilega ákveðin kr. 30000.00 sekt í Landhelgissjóð Íslands, öll veiðarfæri um borð í skipinu upptæk til sama sjóðs, en afli ekki.

Ákærði greiði og allan kostnað sakarinnar.

Rekstur málsins hefur verið vítalaus.

#### D ó m s o r ð :

Ákærði, Ásgrímur Sigurðsson skipstjóri, Grundargötu, Siglufirði, greiði kr. 30000.00 í sekt í Landhelgissjóð Íslands. Sektin greiðist innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa, en ella afplánist sektin með varðhaldi í 7 mánuði.

Öll veiðarfæri með dragstrengjum um borð í m/s Sigurði SI 90 skulu upptæk gerð til Landhelgissjóðs Íslands.

Stefndi greiði allan kostnað sakarinnar.

Dómi þessum að fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 15. desember 1947.

Nr. 21/1947. Réttvísín (Hrl. Theódór B. Línal).

gegn

Árna Sigurði Ágústssyni

(Hrl. Sigurður Ólason).

Áverkamál. Héraðsdómur ómerktur.

#### Dómur hæstaréttar.

Hinn 22. nóvember 1945 kærði Guðlaugur Helgi Vigfússon ákærða fyrir ofbeldisverk gagnvart sér hinn 20. s. m. og 28. janúar 1946 bar Þorvaldur Árnason fram kæru á hendur ákærða vegna líkamsárásar.

Réttarrannsókn út af báðum þessum kærum sameiginlega hófst 5. febrúar 1946, og 26. s. m. var málssókn tilkynnt